



Til forráðamanna, nemenda og starfsfólks grunnskóla

Kópavogi, 17. nóvember 2020
1912251/211.00 SP

Eftirlitsmyndavélar hjá Lindaskóla, Snælandsskóla og Vatnsendaskóla

Fræðsla til forráðamanna, nemenda og starfsfólks

Kópavogsbær hefur nú sett upp eftirlitsmyndavélar hjá Lindaskóla, Snælandsskóla og Vatnsendaskóla. Eftirlitsmyndavélar eru einnig í Salaskóla, Smáraskóla og Hörðuvallaskóla. Rafræn vöktun með eftirlitsmyndavélum við skólann er studd við heimild 6. tölul. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Tilgangur

Tilgangur vöktunar með eftirlitsmyndavélum er að:

1. Varna að eigur skólans séu skemmdar.
2. Varna að farið sé um skólann í leyfisleysi.
3. Stuðla að öryggi í skólanum og skólalóð.

Staðsetning eftirlitsmyndavéla

Eftirlitsmyndavélar eru staðsettar í anddyrum skólanna og utandyra. Staðir þar sem vöktun fer fram eru merktir með skýrum hætti.

Myndefni

- Myndefni er aldrei varðveitt lengur en í 90 daga nema lög heimili eða dómsúrskurður liggi fyrir.
- Myndefni er einungis skoðað ef upp koma atvik varðandi eignavörslu eða öryggi einstaklinga, s.s. þjófnaður, skemmdarverk eða slys.
- Heimild til að skoða myndefni hafa eftirfarandi aðilar: skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, húsvörður, bæjarlögmaður, rekstrar- og öryggisstjóri og deildarstjóri fasteigna.
- Myndefni er ekki afhent öðrum en lögreglu, og þá er myndefni jafnframt eytt úr kerfinu.

Athugasemdir við framkvæmd vöktunarinnar má koma til persónuverndarfulltrúa Kópavogsbæjar, personuvernd@kopavogur.is eða í síma 441-0000. Telji einstaklingur vinnslu Kópavogsbæjar á persónuupplýsingum ekki vera í samræmi við lög eða reglugerðir getur hann lagt fram kvörtun hjá Persónuvernd (personuvernd.is) sem annast eftirlit.

Kópavogsbær hefur samþykkt reglur um notkun eftirlitsmyndavéla og eru þær aðgengilegar á kopavogur.is.

Skólastjórnendur

